

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 417

komudagur 8/12 1994

8. desember 1994

Til: Umhverfisnefndar Alþingis

Frá: Framfarafélagi Flateyjar

Efni: Frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar

Framfarafélag Flateyjar er félag húseigenda í Flatey á Breiðafirði og vinnur að ýmsum sameiginlegum málum þeirra, annast samstarf við Reykhólahrepp og önnur stjórnvöld fyrir þeirra hönd og vinnur að almennum framfaramálum í Flatey. Í stjórn félagsins eru: Sigfús Jónsson, formaður, Jónína Benediktsdóttir og Karl Gunnarsson. Í varastjórn eru Þórður Arason og Hörður Guðmundsson.

Aðalfundur félagsins vorið 1994 lýsti yfir stuðningi við frumvarpið og lagði til breytingu sem tekið hefur verið tillit til í nýjustu gerð frumvarpsins.

Stjórn félagsins leyfir sér að benda á nokkur atriði til skoðunar fyrir umhverfisnefnd Alþingis:

1. Í 3. m. gr. 4. gr. frumvarpsins eru taldir upp þeir aðilar sem Breiðafjarðarnefnd skal gæta samráðs við. Eðlilegt er að nefndin hafi einnig samráð við eigendur húsa og menningarsögulegra minja, svo sem Framfarafélag Flateyjar. Þá er eðlilegt að nefndin hafi samráð við samgönguráðherra bæði vegna sjóvarna og ferðamála, sbr. lið 2 og 3 hér að neðan.

2. Einhverjar merkilegustu menningarsögulegu minjar í Flatey eru gamlir sjóvarnagarðar, þ.e. Silfurgarðurinn og Stórigarður. Engin lög eru til um sjóvarnir en frumvarp til laga um sjóvarnir liggur nú fyrir þinginu. Þar er gert ráð fyrir að Hafnamálastofnun fyrir hönd samgönguráðherra fari með yfirstjórn sjóvarna og að ríkissjóður greiði meginhluta kostnaðar við sjóvarnir. Einnig má nefna gömlu Eyjólfsbryggju og planið við hana sem er að brotna upp, en þau mannvirki verða að teljast fremur til menningarsögulegra minja en hafnarmannvirkja. Í 2. m. gr. 5. gr. frumvarpsins segir að menntamálaráðherra setji reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þ.m.t. sjóminja.

3. Einungis er minnst á ferðamenn í 1. m. gr. 5. gr. frumvarpsins þar sem segir að í reglugerð sem umhverfisráðherra setur skuli kveða á um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars. Vandamálið er að það vantar að skipuleggja ferðamannaþjónustu á svæðinu betur og t.d. byggja upp göngustíga í Flatey sem þannig stýra umferð ferðamanna og leiðbeina þeim betur með merkingum. Flóabáturinn Baldur sem er óbeint rekinn af ríkinu flytur þúsundir ferðamanna út í Flatey á ári hverju en það vantar alla aðstöðu og göngustíga til að taka á móti þessum fjölda. Ferðamenn eru ekkert vandamál ef skipulagið er gott og aðstaðan í lagi til að taka á móti þeim.

4. Eigendur húsa í Flatey hafa lagt á sig mikinn kostnað og mikla vinnu við að endurbyggja gömlu húsinn í þorpinu. Hins vegar vantar enn góða vatnsveitu í Flatey og holræsi. Þá eru rafmagnsmál í ólagi og brunavarnir ófullkomnar. Reykhólahreppur er fátækt sveitarfélag sem hefur ekki efni á að kosta uppbyggingu í Flatey á móti húseigendum. Því er brýnt að finna á því lausn hvernig hægt er að fjármagna þessa grunngerð í Flatey.